

102. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 20. ágúst.

Fundargerð

Fundurinn var haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum og hófst kl 11:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson (EMA), Gunnar Jónsson (GJ), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Stefán Bogi Sveinsson (SBS), Gauti Jóhannesson (GJ), Pálína Margeirsdóttir (PM), Þráinn Lárusson (ÞL) og Sæunn Stefánsdóttir (SS) í Skype.

Boðaðir en tilkynntu forföll: Sigríður Bragadóttir, í hennar stað var boðaður Stefán Grímur sem komst ekki en gaf leyfi til að ná í sig í síma.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir (VVK) sem skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 101 fundar stjórnar til samþykktar
2. Samráðsfundur um ráðstöfun aflaheimilda
3. Fögur framtíð í Fljótsdal
4. Tölfræði um ferðaþjónustu
5. Haustráðstefna Markaðsstofa landshlutanna
6. Matarauður Austurlands
7. Ýmis mál tengt rekstri
 - Gerð nýrra heimasíða
 - Staða mönnunar og innleiðingu starfsmats
 - Samningamál milli Austurbrúar og SSA
 - Prókúra vegna bankareikninga
8. Önnur mál

Formaður stjórnar Einar Már setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerðir.

Fundargerð nr. 101 var undirrituð af stjórn

2. Samráðsfundur um ráðstöfun aflaheimilda

Formaður kynnti tillögu að dagsetningu fundar vegna aflaheimilda. Samþykkt var að fundurinn færi fram þann 8.október, kl 10 og voru stjórnarmenn sammála um hann skyldi haldinn á Egilsstöðum.

3. Fögur framtíð í Fljótsdal – nýtt verkefni – staða mála

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefninu. 9 umsóknir bárust um starfið og er úrvinnsluferlið að hefjast.

4. Tölfræði um ferðaþjónustu

Framkvæmdastjóri fór yfir tölur varðandi ferðaþjónustu á Íslandi og stöðu Austurlands í því samhengi. Í framhaldið voru kynntar helstu niðurstöður úr könnun sem gerð var á ferðavenjum erlendra ferðamanna á Egilsstöðum árið 2018.

Framkvæmdastjóra var falið að skoða möguleika á fundi með aðilum frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Húsavík í þeim tilgangi að kynna niðurstöðurnar fyrir Austurland.

5. Haustráðstefna Markaðsstofa landshlutanna

Framkvæmdastjóri kynnti haustráðstefnu markaðsstofanna sem ber yfirskriftina „Ferðamaður framtíðarinnar“ og fer fram þann 12.september á Hotel Natura í Reykjavík.

6. Matarauður Austurlands

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefninu Matarauður Austurlands. Verkefnið verður unnið með aðilum á svæðinu sem koma að matvælaframleiðslu.

7. Ýmis mál tengt rekstri

- Framkvæmdastjóri sagði frá gerð nýrrar heimasíðu fyrir Austurbrú og SSA. Samþykkt var að unnið verði áfram á grundvelli umræðna á fundinum. Stefnt er að því að tillaga að heimasíðu verði kynnt á stjórnarfundi þann 1.okt.
- Framkvæmdastjóri fór yfir breytingar í starfsmannahóp Austurbrúar. Umræða fór fram um kynjahlutfall á vinnustaðnum og mögulegar skýringar á því hvers

vegna það er eins ójafnt og raun ber vitni. Þá var farið yfir stöðuna í starfsmatsgreiningu sem verið er að vinna.

- Farið var yfir samningamál milli Austurbrúar og SSA
- Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skrifuðu undir umboð fyrir prófkúru á bankareikninga fyrir nýjan starfsmann.

9. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl 13:00

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Pálína Margeirsdóttir

Gauti Jóhannesson

Þráinn Lárusson

Stefán Bogi Sveinsson

Sæunn Stefánsdóttir